



SKATTALEG ÁHRIF FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

SAMTÖK FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

INFO@RECONOMICS.IS

FEBRÚAR 2025


REYKJAVIK ECONOMICS
— NÓNO EHF —

Rekstrartekjur ferðapjónustunnar eru
að raungildi hærri á árinu 2023 en
fyrir COVID-19


Rekstrartekjur ársins 2023 voru hærri en á árinu 2018 að raungildi...



Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands

...OG HAGNAÐUR FYRIR FJÁRMAGNSLIÐI HEFUR ALDREI VERIÐ HÆRRI EN FJÁRMAGNSGJÖLD OG AFSKRIFTIR DRÓGU ÚR HAGNAÐI ÁRSINS 2023

Margt bendir til þess að framleiðni innan ferðapjónustunnar hafi farið vaxandi milli ára 2019–2023





Ferðapjónustan snertir margar atvinnugreinar sem ekki teljast til einkennandi greina ferðapjónustunnar





Heimild: Deutsche Gesellschaft für Internationale Zusammenarbeit.

Hverjar eru einkennandi greinar ferðapjónustu?








Hluttur ferðapjónustunnar til vergrar landsframleiðslu (VLF) var 8,8% árið 2023 en fór hæst í 8,3% árið 2019



Flug og ferðapjónusta er stór hluti útflutnings þjóðarinnar






Heimild: Hagstofa Íslands


...OG FRAMLAG HENNA ÁBERANDI ÞEGAR TÖLUR UM ÞJÓNUSTUJÖFNUÐ ERU SKOÐAÐAR

Úttektir erlendra ferðamanna námu 351 milljarði króna á árinu 2024 en 348 árið 2023



Heimild: Seðlabanki Íslands

Skattaleg áhrif ferðaþjónustunnar



Pröng skattaáhrif einkennandi greina ferðapjónustunnar nam 106 milljörðum króna
Fjöldi starfsmanna innan ferðapjónustu var áætlaður 28.403 á árinu 2023

Skattaáhrif á verðlagi ársins 2023	Áætluð skattaáhrif 2023
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja	9.434.000.000
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum	30.453.987.168
Tryggingagjald af meðallaunum	16.138.933.751
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	50.462.307.015
Samtals skattaáhrif – krónur	106.489.227.934

*Reiknaður var út áætlaður fasteignaskattur samkvæmt reiknilíkani Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 Tekjuskattur fyrirtækja var áætlaður sem meðaltalstekjuskattur samkvæmt ársreikningum áráanna 2015–2019.*

Áætlaðir fasteignaskattar á gístihús, hótél og veitingahús					
Fast verðlag 2023	2019	2020	2021	2022	2023
Fasteignaskattar þús. kr.	4.557.313	3.774.875	3.772.024	4.140.351	4.367.712

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga


Skattaáhrif á verðlagi ársins 2023	Áætluð skattaáhrif 2023
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja	9.434.000.000
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum	30.453.987.168
Tryggingagjald af meðallaunum	16.138.933.751
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	50.462.307.015
Samtals skattaáhrif – krónur	106.489.227.934

Virðisaukaskattur	2023
Virðisaukaskattur (útskattur)	73.456.542.179
Samtals greiddur útskattur VSK	73.456.542.179


Samtals skattaáhrif einkennandi greina ferðaþjónustunnar án innskatts (VSK) og styrkja	179.945.770.113
Fasteignaskattar	4.367.712.000
Samtals skattaáhrif einkennandi greina ferðaþjónustunnar með fasteignasköttum en án innskatts (VSK) og styrkja	184.313.482.113

**Með útskatti og án styrkja eru
heildarskattaleg áhrif
einkennandi greina
ferðaþjónustunnar rúmir
184 milljarðar króna**

*Óskað var eftir sérvinnslu frá Hagstofu Íslands um
greiddan útskatt eftir þrepum VSK og er niðurstaðan
sú að einkennandi greinar ferðaþjónustu greiddu
samtals um 73 milljarða króna í útskatt*



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands

Eftir mikið uppbyggingartímabil hefur arðsemi einkennandi greina ferðapjónustu farið batnandi
Hún nálgast arðsemi viðskiptahagkerfisins

Vanda þarf til verka áður en ákvarðanir eru teknar um frekari gjaldtöku á einkennandi greinar ferðapjónustunnar

Niðurstöður og ályktanir

- Dreifing launa er mjög mikil innan ferðaþjónustunnar.
- Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar eru þröng skattaleg ferðaþjónustunnar um 106,5 milljarðar króna.
 - Nefna má að fjögur stórfyrirtæki í ferðaþjónustu hafa opinberað að skattaleg áhrif þeirra séu tugir milljarðar króna.
- Ef horft er til viðtækari skattaáhrifa ferðaþjónustu þá eru þau um 184 milljarðar króna.
- Arðsemi greinarinnar hefur almennt verið lægri en viðskiptahagkerfinu en á árinu 2023 batnaði arðsemi innan einkennandi greina ferðaþjónustu til muna.
- Vonandi heldur þessi þróun áfram sem gerir ríkissjóði mögulegt að skattleggja raunverulega arðsemi greinarinnar.

Íslendingar eru almennt jákvæðir í garð ferðaðjónustunnar þó að fréttáflutningur erlendis frá gæti bent til annars

FÓLK VILL EITTHVAÐ ANNAÐ EN ÞAÐ ER FÁTT UM SVÖR HVAD ÞAÐ ÆTTI AÐ VERA
EKKI ER VÍST AÐ LÍFSGÆÐI VÆRU ÞAU SÖMU HÉR Á LANDI EF FERÐAÐJÓNUSTUNNAR
NYTI EKKI VIÐ



TAKK FYRIR

[INFO@RECONOMICS.IS](mailto:info@reconomics.is)

REYKJAVIK ECONOMICS
— NÓNO EHF —





VIÐAUKI

[INFO@RECONOMICS.IS](mailto:info@reconomics.is)

REYKJAVIK ECONOMICS
— NÓNO EHF —

Skattaleg áhrif fyrirtækja og atvinnugreina

- Atvinnugreinar sem og stórfyrirtæki hafa verið undir sívaxandi þrýstingi að gera grein fyrir skattaáhrigum sínum.
- Sérstaklega þau fyrirtæki sem starfa víða um heim í mismunandi skattaumhverfi.
- Stjórnámálamenn sem og aðrir hagaðilar hafa því krafist þess að fyrirtæki sem og atvinnugreinar geri betri grein fyrir framlagi sínu til sameiginlegra málaflokka.
- Lengi hefur verið óljóst hvaða skatta og gjöld fyrirtæki greiða og hversu mikið þau greiða í heild.
- Ársreikningar fyrirtækja og hefðbundnar reikningsskilaaðferðir gera einungis grein fyrir tekjuskatti fyrirtækja en ekki öðrum gjöldum og sköttum sem greiddir eru af fyrirtækjum eða atvinnugreinum í heild.



Forsendur skattaáhrifa og aðferðafræði

Starfsemi fyrirtækja í einkennandi greinum ferðaþjónustu snerta mjög marga þætti hagkerfisins

- Horft var til eftirfarandi gjalda, skatta, framlaga og styrkja.
- Tekjuskattur fyrirtækja.
 - Einkahlutafélög eru algengasta rekstrarformið á Íslandi og leggst 20% tekjuskattur á hagnað.
- Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð.
 - Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð er 15,5% af launum. Mótframlag vinnuveitenda er a.m.k. 11,5%.
- Tryggingagjald.
 - Almennt tryggingagjald er 6,35%. Viðbótartryggingargjald eða viðbótartryggingar geta átt við ákveðnar starfsstéttir. Einnig koma til greiðslur til starfsendurhæfingarsjóðs VIRK sem er 0,10% af heildarlaunum.
- Nettó tekjuskattur og útsvar starfsfólks
 - Vísað er til heimasíðu Skattsins hvað varðar tekjuskatts- og útsvarshlutfall.
- Gistináttaskattur var tímabundið felldur niður í kjölfar heimsfaraldursins en hefur verið tekinn upp á ný.
 - Skatturinn er 800 kr. á sólarhring fyrir hverja selda gistináttaeiningu á hótélum og gistihúsum.
 - Fyrir tjaldsvæði o.þ.h. er hann 400 kr.
 - Skemmtiferðaskip greiða 1.000 kr. á hverja selda gistieiningu á meðan það dvelur í höfn hér á landi eða annars staðar á tollsvæði ríkisins.
- Varaflugvallargjald var innleitt í lög árið 2023 en það felur í sér að að 200 kr. gjald verður lagt á alla farþega. Tengifarþegar greiða þó aðeins fyrir annan fluglegginn þegar þeir millilenda.
- Styrkir frá hinu opinbera til ferðaþjónustunnar og annarra tengdra málefna:
- Almennt séð eru skattaáhrif ferðaþjónustunnar í heild, brotin niður á mismunandi skattstofna.

Skattastyrkir til ferðapjónustunnar

Fjármálaráð hefur reiknað skattastyrki ýmissa atvinnugreina og málaflokka. Skattastyrkir í heild námu samtals 137,5 milljörðum króna. Það eru skattastyrkir til málefna eins og húsnæðismála, fjölskyldumála, umhverfismála o.s.frv.

Í ferðapjónustu koma svokallaðir skattastyrkir til vegna áhrifa tveggja þrepa virðisaukaskattkerfis á einkennandi greinar ferðapjónustu.

Samkvæmt samþykktu frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 er það sem svo að skattastyrkir til ferðapjónustunnar voru metnir nema um 26 milljörðum króna á árinu 2023. Það er reiknuð stærð sem metur hins vegar ekki áhrifin af því að færa greinar ferðapjónustu sem nú eru í 11% virðisaukaskattsþrepinu upp í 24% þrepið.

Þessir útreikningar miða aðeins við eftirgefnar tekjur (e. revenue foregone method). Það er ákveðin einföldun en almenn aðferð og venja sem notuð er við mat á skattastyrkjum sem slíkum. Aðferðafræðin reiknar þannig ekki með viðbrögðum eftirspurnar eftir ferðapjónustu við verðhækkun og gerir ráð fyrir óbreyttu sölumagni.

Hagrannsóknir sf. skoðaði hins vegar og framkvæmdi slíkt áhrifamat á hækkun hlutfalls

virðisaukaskatts á veigamiklar greinar í ferðapjónustu eins og gistiþjónustu og veitingaþjónustu úr 11% í 24%.


Almenn greining Hagrannsóknar sf. á grundvelli viðtekinnar þjóðhagfræði bendir til þess að slík hækkun muni auka opinberar skatttekjur mun minna en nemur hækkun virðisaukaskattshlutfallsins og ef til vill lækka þær í framtíðinni miðað við það sem að öðrum kosti hefði orðið.

Í skýrslu Hagrannsóknar sf. segir jafnframt: „Hærra hlutfall virðisaukaskatts á greinar ferðapjónustu dregur úr umsvifum í ferðapjónustu, lækkar verga landsframleiðslu og í framhaldinu opinberar skatttekjur, en lækkun virðisaukaskattshlutfalls hefur gagnstæð áhrif.“

Ferðapjónusta er ekki að ástæðulausu að hluta í 11% virðisaukaskattsþrepinu á Íslandi. Meirihluti ríkja Evrópusambandsins hafa fleiri en eitt virðisaukaskattsþrep, til dæmis eru þau flest nú með lægra virðisaukaskattshlutfall á matvæli að hluta eða miklu leyti. Einnig hafa flest þessara landa ýmsar greinar ferðapjónustu í neðra þrepi svo sem gisti- og veitingaþjónustu.

Halda ber því til haga að aðeins eitt ríki innan ESB, Danmörk, er með eitt og sama hlutfallið á alla virðisaukaskattskylda starfsemi. Öll önnur hafa a.m.k. tvö þrep virðisaukaskatts og sum fleiri.

Þannig hafa flestar þjóðir, og sérstaklega þær sem byggja efnahag sinn að nokkru á ferðapjónustu, séð mikilvægi þess að viðhalda samkeppnishæfni sinni til að laða að ferðamenn. Það er ein meginástæða þess að allar ESB þjóðir, að Danmörk undanskilinni, setja til dæmis gistiþjónustu í lægra þrep virðisaukaskatts, og flestar einnig veitingaþjónustu, líkt og segir í skýrslu Hagrannsóknar sf.



SAMKVÆMT TÖLUM EUROSTAT ER ÍSLAND MEÐ 3. HÆSTA HLUTFALL
FERÐAÞJÓNUSTU TIL VERGS VINNSLUVIRÐIS

Hverjar eru einkennandi greinar ferðaðjónustu?

- Ferðaðjónustan snertir á mörgum þáttum þjóð- og efnahagslífs.
- Hagstofur Evrópu hafa komið sér saman um hvaða greinar teljast til einkennandi greina ferðaðjónustunnar þó að það sé ekki endanlegur listi atvinnugreina.
 - [Hér má nefna að ferðamenn nýta marga aðra þjónustu en hér er nærtækust lækniþjónusta.](#)
- Hagstofa Íslands skilgreinir einkennandi greinar ferðaðjónustunnar á eftirfarandi hátt:
- Nánar tiltekið er atvinnugreinaflokkun einkennandi greina ferðaðjónustu flokkaðar skv.
 - [Einkennandi greinar ferðaðjónustu á Íslandi \(ÍSAT nr. 491, 4932, 4939, 501, 503, 511, 551-553, 561, 563, 771, 7721, 79, 5223, 9604\).](#)
 - [Farþegaflutningar með flugi \(ÍSAT nr. 511\).](#)
 - [Rekstur gististaða \(ÍSAT nr. 55\).](#)
 - [Veitingasala og -þjónusta \(ÍSAT nr. 56\).](#)
 - [Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og bókunarþjónusta \(ÍSAT nr. 79\).](#)
- Aðrar atvinnugreinar tengdar ferðaðjónustu (ÍSAT nr. 4932, 4939, 771, 7721).
 - [ÍSAT nr. 4932: Rekstur leigubíla.](#)
 - [ÍSAT nr. 4939: Aðrir farþegaflutningar á landi.](#)
 - [ÍSAT nr. 771: Leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum.](#)
 - [ÍSAT nr. 7721: Leiga á tómstunda- og íþróttavörum.](#)
 - [\(ÍSAT nr. 491: Farþegaflutningar með járnbrautarlestum milli borga\).](#)
 - [ÍSAT nr. 501: Millilanda- og strandsiglingar með farþega\).](#)
 - [ÍSAT nr. 503: Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum.](#)
- Nánar er vísað til skýrslu um skattaleg áhrif.

Heimildir

- Hagstofa Íslands – Gögn og úttektir
- Samband Íslenskra Sveitarfélaga – Gögn og úttektir
- Skaturinn.is – Skilgreiningar og forsendur
- Unsplash – Myndir í skýrslu
- Heimildaskrá má finna í skýrslu